

Viðauki

við þjónustusamning menntamálaráðuneytis annars vegar og
Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hins vegar
um verkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, dags. 26. janúar 2006

Viðauki þessi byggir á 5. tölulið yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi kjarasamninga frá 22. júní 2006.

1. gr.

Í 2. gr. samningsins breytist núverandi stafliður h) í staflið i). Nýr stafliður h) verður svohljóðandi:

Fa skal skilgreina nýtingu fjár sem ætlað er að gera fræðslumiðstöðvum í löggiltum iðngreinum kleift að bjóða upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa.

Fa skal þróa í samstarfi við fræðslumiðstöðvar í löggiltum iðngreinum aðferðir raunfærmimats sem eru sérstaklega til þess fallnar að nýtast einstaklingum sem hafa hafið iðnnám, en ekki lokið sveinsprófi.

Fræðslumiðstöðvar hafi eftir atvikum forgöngu um að vinna málið áfram í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og framhaldsskóla.

Fa skal annast gerð gátlista fyrir raunfærmimat í samstarfi við fræðslumiðstöðvar í löggiltum iðngreinum.

Fræðslumiðstöðvar hafi forgöngu um að vinna málið áfram í samstarfi við starfsgreinaráð, framhaldsskóla eða aðra aðila eftir atvikum.

2. gr.

4. gr. breytist og orðast svo:

Það sem eftir lifir samningstímans mun menntamálaráðuneytið greiða Fa alls 283,7 m. kr. ár ári á verðlagi fjárlaga 2007 fyrir þá þjónustu sem Fa lætur ráðuneytinu í té skv. samningi þessum. Þar af skal 69,5 m. kr. varið til verkefna skv. stafliðum a), b), c), d), f) og i) í 2. gr. Jafnframt skal 214,2 m. kr. á ári varið til verkefna sem talin eru í stafliðum e), g) og h). Nánari sundurliðun á áætlaðri skiptingu fjárins er að finna í fylgiskjali 1 með samningnum, dags. 20. desember 2006, og telst vera hluti hans.

Greiðslur samkvæmt samningnum eru háðar samþykki Alþingis í fjárlögum ár hvert og skulu taka breytingum í samræmi við breytingu á almennu verðlagi fjárlaga milli ára á gildistíma samningsins sbr. 8. gr.


Árlegt framlag skv. samningi þessum greiðist mánaðarlega með jöfnum greiðslum.

3. gr.

Viðauki þessi gildir frá 1. janúar 2007.


Reykjavík, 26. janúar 2007

Fyrir hönd menntamálaráðuneytis




Guðmundur Árnason

Fyrir hönd Alþýðusambands Íslands



Ingbjörg R. Guðmundsdóttir

Fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins



Guðrún E. Eyjólfsson

Víðmið um notkun fjármagns samkvæmt viðaukasamningi ASÍ og SA við menntamálaráðuneytið vegna Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 2007

	2006	2007
Sundurlíðun greiðslna vegna reksturs og verkefna Fa:	66,1	69,5
a) Aukin og bætt fræðsla, uppl. um markhóp, þarfagreiningar.	6	6
b) Mat á óformlegu námi og raunfærni, námsferilsskrár.	16	12
c) Þróun og miðlun aðferða í náms- og starfsráðgjöf.	6	6
d) Þróun og miðlun aðferða í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun.	7	6
i) Söfnun og miðlun upplýsinga.	8	8
f) Námsfni í íslensku fyrir útlendinga og þjálfun kennara.	5	0
Fastur rekstrarkostnaður.	23	31,5
Sundurlíðun greiðslna vegna samninga Fa við fræðsluaðila:	100	214,2
e) Meta þörf fyrir einstaklingsmiðaða náms- og starfsráðgjöf, framkvæmd.	30	46,3
g) Greiðslur til sinenntunarmiðstöðva vegna vottaðs náms.	65	138
h) Náms- og starfsráðgjöf/raunfærnimat fræðslumiðstöðva í löggiltum iðngreinum.	0	30
Samtals:	166,1	283,7

L-A

Jly
ATEP